



Samfélagsábyrgð Gallon, Gallon er með móttaka, geymsla og afgreiðsla eldsneytis úr birgðastöðvum vítt og breytt um landið. Með stefnu um samfélagsábyrgð leitast Gallon við að flétta efnahags-, samfélags- og umhverfismál við almenna starfshætti félagsins. Gallon vill með þeim hætti tryggja ávinning af sínum rekstri fyrir haghafa.

Gallon leitast við að vera traustur samfélagsþegn sem sýnir ábyrga hegðun gagnvart nær samfélaginu með gegnsæi í allri sinni upplýsingagjöf.

*Stefna þessi um samfélagsábyrgð skal vera aðgengileg á vefsíðu Gallon.*

Gallon hefur sett sér sérstaka samskiptastefnu með það að markmiði að tryggja skilvirk samskipti Gallon við alla haghafa, þ.m.t. viðskiptavinum, starfsfólk, markaðsaðila, fjárfesta og fjölmiðla. Stefnan skal vera aðgengileg á vefsíðu Gallon.

## **Samfélagsábyrgðarstefna Gallon byggir á fimm meginstoðum:**

### **Mannauður**

Markmið Gallon er að mannauður félagsins sé skipaður af ánægðu og hæfu starfsfólki sem býr yfir færni og þekkingu til að takast á við störf sín með skýrum ferlum og öguðum vinnubrögðum. Starfsfólk Gallon tekur þátt í að móta og bæta starfsemina og starfar í anda jafnræðis og jafnréttis.

Gallon hefur sett sér sérstaka starfsmannastefnu er snýr að starfsánægju, fræðslu, heilsufari og fjölbreytileika. Jafnframt hefur félagið sett sér stefnu í jafnréttismálum og persónuverndarstefnu.

*Stefnurnar skulu vera aðgengilegar á vefsíðu Gallon.*

### **Viðskiptavinurinn**

Með skilvirkni, áreiðanleika og atorku að leiðarljósi hefur Gallon byggt upp sterka innviði og trausta liðsheild þar sem þjónusta við viðskiptavinum er í fyrirrúmi. Gallon leggur áherslu á að bjóða viðskiptavinum sínum upp á skýra valkosti og góða þjónustu. Gallon sýnir viðskiptavinum sínum virðingu og traust. Hjá Gallon hlustum við á viðskiptavininn og viljum af honum læra. Okkar einkunnarorð eru að það á að vera einfalt og þægilegt að eiga viðskipti við Gallon.

Til nánari útfærslu hefur Gallon sett sér viðskipta- og siðareglur þar sem meðal annars er komið nánar inn á heiðarleika í viðskiptum, samskipti við viðskiptavinum, samkeppni og hagsmunaaðreksa. Einnig hefur Gallon, í samræmi við staðal um samfélagslega ábyrgð, sett sér stefnu gegn spillingar- og mútumálum og stefnu um persónuvernd.

*Stefnan og reglurnar skulu vera aðgengilegar á vefsíðu Gallon.*

### **Umhverfi**

Gallon vinnur á kerfisbundinn hátt að málum sem snerta hollustuhætti, öryggi og umhverfisvernd. Gallon og starfsfólk Gallon stefnir að stöðugt bættum árangri á þessu sviði. Félagið leggur ríka áherslu á að allar lagalegar skyldur hvað þessi mál varðar séu uppfylltar. Gallon býður viðskiptavinum upp á umhverfisvæna valkosti og takmarkar eins og hægt

*Stefnurnar skulu vera aðgengilegar á vefsíðu Gallon.*



## Samstarfsaðilar og birgjar

Gallon hefur sanngirni að leiðarljósi í samskiptum við samstarfsaðila og birgja fyrirtækisins og leggjum áherslu á að báðir aðilar njóti góðs af samstarfinu. Gallon gerir ráð fyrir að samstarfsaðilar fyrirtækisins deili með því grundvallarsjónarmiðum og hefur það áhrif á val félagsins á samstarfsaðilum. Til nánari útfærslu hefur Gallon sett sér viðskipta- og siðareglur þar sem meðal annars er komið nánar inn á heiðarleika í viðskiptum, samskipti við viðskiptavini, samkeppni og hagsmunaárekstra. Einnig hefur Gallon, í samræmi við staðal um samfélagslega ábyrgð, sett sér stefnu gegn spillingar- og mútumálum.

*Stefnan og reglurnar skulu vera aðgengilegar á vefsíðu Gallon.*

## Samfélag

Gallon lítur það á skyldu sína gagnvart samfélaginu að takmarka eins og mögulegt er neikvætt fótspor félagsins. Á sama tíma leitast félagið við að hámarka jákvæð áhrif sín til samfélagsins og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir fyrirtækið sjálft, samfélagið og umhverfið. Eitt brýnasta samfélagsverkefni þessarar kynslóðar er loftslagsvandinn. Gallon hefur ákveðið að nýta alla krafta sína til að styðja við málefni er snúa beint að loftlagsmálum.